

## Skýrsla Miðju máls og læsis vegna Lesmáls vorið 2022

Þegar niðurstöður Lesmáls vorið 2022 lágu fyrir haustið 2022, fékk Miðja máls og læsis (MML) það hlutverk að bjóða upp á ráðgjöf, stuðning og fræðslu til þeirra grunnskóla sem þurfa sérstakan stuðning þ.e. þar sem fjöldi nemenda sem nær aldursvarandi hæfni í lestri var undir 60%. Einnig var það hlutverk MML að funda með þeim skólum þar sem nemendur náðu 80% eða betri árangri. Ráðgjafar MML funduðu með læsisteymum og stjórnendum þessara skóla. Fulltrúar viðkomandi borgarmiðstöðva voru einnig boðaðir á fundinn. Jafnframt var ákveðið að ráðgjafar MML færu í leikskóla í sömu borgarhlutum.

Ráðgjafar MML stefndu á að funda með stjórnendum og læsisteymum í 14 grunnskólum, sjö af þeim voru undir 55% viðmiði en það voru Breiðholtsskóli, Dalskóli, Hamraskóli, Hólabrekkuskóli, Húsaskóli, Ölduselsskóli og Fellaskóli en hann hefur nokkra sérstöðu vegna fjölda fjöltyngdra barna. Ráðgjafi MML hafði sambandi við Húsaskóla og Ölduselsskóla en skv. niðurstöðum var hópurinn sem náði 51-60% óvenju stór. Ekki var talin þörf á frekari eftirfylgd sökum góðs árangurs í Lesferli í október sl. Farið var í heimsókn í hina fimm skólana og að auki var Austurbæjarskóli heimsóttur sökum mikils fjölda nemenda sem voru í 0-31% hópnum.

Á fundunum voru eftirfarandi áhersluatriði:

- Læsisáætlun skólans skoðuð og metin
- Kennsluhættir og kennsluaðferðir skoðaðar og ráðgjöf veitt út frá gagnreyndum aðferðum
- Farið yfir nemendahópinn, stöðu þeirra og fjölda tvítyngdra og nýkominna. Ráðgjöf var veitt um móttöku, aðlögun, kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og læsi fjöltyngdra barna
- Farið var yfir hvernig best er að nota niðurstöður úr skimunum og hvernig áætlanir út frá þeim eru unnar. Ráðgjöf var veitt um leiðir að skipulag sem skilar árangri
- Ráðgjöf til læsisteyma um skipulag læsiskennslu alls skólans út frá stigskiptri kennslu
- Áhersla var lögð á verkefni þar sem allt skólasamfélagið þekkir markmið skólans, allir eru samstíga og stefna í sömu átt
- Skipulag útbúið um frekari fræðslu frá MML, s.s. vegna kennslu í fjöltyngdum nemendahópi, læsiskennsluaðferðum, eflingu orðaforðans eða annars sem þörf var talin á
- Fræðsla fyrir foreldrahópa skipulögð eða sett á dagskrá fyrir næsta skólaár

Þá fundaði ráðgjafi frá MML með kennurum á yngsta stigi í þremur skólum og kennsluráðgjafi Borgarmiðstöðvar fundaði í einum skóla. Tveir skólar fengu fræðslu fyrir alla kennara í yngsta stig og einn afþakkaði frekari aðstoð þar sem skipulag og markviss vinna var komin vel á veg. Einnig sátu ráðgjafar í kennslustundum og veittu ráðgjöf að því loknu.

Þar var farið var yfir stöðu nemendahópsins og rætt um þær kennsluaðferðir sem notaðar voru og rætt um leiðir til árangurs. Kennurum var boðinn stuðningur við að rýna niðurstöður skimana og útbúa kennsluáætlun út frá stigskiptri kennslu. Að því loknu var þörf fyrir frekari ráðgjöf við einstaka kennara og kennarateymi metin og frekari heimsóknir og ráðgjöf skipulögð.

MML fundaði einnig í skólum sem sýndu góðar niðurstöður, þ.e 80% nemanda náði aldursvarandi hæfni í Lesmálsprófinu. Markmiðið með því var að læra af þeim sem vel gengur. Það voru sex skólar, Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Borgarskóli, Foldaskóli, Fossvogsskóli og Landakotsskóli.

Í ljós kom að í öllum þeim skólum þar sem niðurstöður voru góðar er markviss, skipulögð vinna í læsi, virkt læsisteymi, læsisáætlanir sem starfað er eftir, reyndir kennarar á yngsta stigi og sameiginleg sýn

á árangur. Einnig var góð samvinna við leikskóla og foreldra þar sem mikil áhersla er á hlutverk þeirra í lestranáminu. Ofangreindir þættir eru allt áherslupættir í ráðgjöf og stuðningi MML.

Allir grunnskólarnir nota hljóðaaðferð annaðhvort eina og sér eða sem hluta af PALS og Byrjendalæsi. Ekki var hægt að sjá að árangur sé meiri hjá þeim sem nota einungis hljóðaaðferð. Af þeim sex skólum sem ná 85% árangri eða hærra eru 4 skólar sem nota Byrjendalæsi.

Ráðgjafar MML fóru í fimm skóla sem voru undir 55% og einn skóla þar sem neðsti hópurinn (0-30%) hafði stækkað óeðlilega mikið milli ára. Hjá þeim skólum vantaði oft reynslu í kennarateymi yngsta stígs, markvisst skipulag lestrarkennslu var ekki í föstum skorðum eða verið að innleiða það. Einnig var samstarf við leikskóla lítið nema í einum skóla og samstarf við foreldra flókið. Enginn af þeim skólum sem skorar undir 50% notar Byrjendalæsi.

Ráðgjafar MML kynntu niðurstöðu Lesmáls fyrir stjórnendateymi leikskóla og talmeinafræðingum í skólahverfum þar sem niðurstaða Lesmáls var slök og til stóð að funda einnig með stjórnendateyimum þar sem niðurstaðan var góð. Fulltrúar viðkomandi borgarmiðstöðva voru einnig boðaðir á fund ásamt deildar- og skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu SFS.

Á fundunum allra leikskóla kom fram að helstu áskoranir leikskólastarfsins sérstaklega hvað varðar málörvun felast í óhagstæðum ytri aðstæðum s.s. vinnuálagi sem leiðir til þess að ekki er hægt að fylgja fyrirfram ákveðnu skipulagi, skorti á fagfólki og íslenskumælandi málfyrirmyndum ásamt fjölda fjöltyngdra barna. Læsisáætlanir voru skoðaðar þar sem þær liggja fyrir. Vegna álags og óhagstæðra ytri aðstæðna sem nefndar voru hér að ofan, hafa ekki allir leikskólar náð að útbúa læsisáætlun. Viðmælendur í leikskólum eru sammála um að helstu áskoranir og hindranir í að sinna góðri málörvun er vegna skorts á fagfólki og íslenskumælandi málfyrirmyndum sem og álag sem leiðir til þess að erfitt er að fylgja fyrirfram ákveðnu skipulagi. Ráðgjafar MML og talmeinafræðingar í viðkomandi hverfum hafa boðið stuðning. Vinna ráðgjafa MML í leikskólum mun halda áfram haustið 2023.

Rannsóknir sýna að skýrleiki og heldni kennara á kennsluaðferðum, trú þeirra á þær aðferðir og á árangur nemenda auk samheldni alls skólasamfélagsins sé það sem skili mestum árangri í námi nemenda (<https://visible-learning.org/hattie-ranking-influences-effect-sizes-learning-achievement/>)

Allir stjórnendur leik- og grunnskóla sem haft var sambandi við voru fúsir til samstarfs og höfðu mikinn vilja til að gera betur eða deila því sem vel gengur. Ráðgjafar MML eru enn í samstarfi við nokkra þeirra og munu verða það næsta skólaár.

Þegar niðurstöður Lesmáls vorið 2023 liggja fyrir verður sama vinnulag viðhaft og munu ráðgjafar MML fylgja þeim eftir með ráðgjöf, fræðslu og stuðningi.